

Sjálfsmatsskýrsla vor 2020

Unnin út frá innra mati skóla 2019-2020



Umbótaáætlun skólaárið 2019 – 2020

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Til grundvallar umbótaáætlun er sjálfsmatsskýrslur síðasta skólaárs ásamt öðrum matsgögnum. Til að mynda, kannanir Skólapúlsins á námi og líðan nemenda. Starfsmanna- og foreldrakannanir í Skólapúlsinum. Kannanir meðal kennara og starfsmanna (mat á skólastarfi að vori, mat á jákvæðum aga, mat á starfsháttum o.fl.). Einnig liggur til grundvallar námsmat Hrafnagilsskóla, niðurstöður Samræmdra prófa og lesskimana.

Áætlun um innra mat Hrafnagilsskóla 2019 – 2022. Áherslur á hverju skólaári.

Ár	Starfshættir og stjórnun	Nám og líðan	Foreldra-samstarf	Skólaþróun	Grunnhættir menntunar	Umhverfi Sjálfbærni.	Kannanir
2019 - 2020	Skólasýn og stefna. Skjalastefna. Skólareglur.	Hreyfing og líðan. Þrautseigja. Nemendarödd Næring	Sameiginlegt málþing. Fræðsla og kynningar á tölvum/tækni.	Tölvur og tækni. Útikennsla. Læsisstefna. Heilsuefling.	Sköpun. Jafnrétti. Nemendalýðræði.	Draga úr pappírnotkun og plöstud. Endurvinnsla. Umhverfið.	Skólapúlsinn: Nemendur haust og vor. Starfsfólk mars. Könnun starfsfólks að vori, tveir + tveir.
2020 – 2021	Breyttir starfshættir með aukinni tækni. Skjalastefna fyrir skólann.	Líðan, geðheilsa nemenda.	Umhverfisvernd og útikennsla. Tölvur og tækni.	Breytt vinnuumhverfi nemenda og starfsfólks. Tölvur og tækni. Útikennsla.	Sjálfbærni. Lýðræði og mannréttindi.	Hvað getum við gert? Taka höndum saman.	Skólapúlsinn: Nemendur haust og vor. Foreldrakönnun í febrúar. Starfsfólk mars. Könnun starfsfólks að vori, tveir + tveir.
2021 - 2022	Breyttir starfshættir með aukinni tækni.	Líðan og svefn skólabarna. Næring og hreyfing.	Líðan skólabarna og svefn.	Breytt vinnuumhverfi nemenda og starfsfólks. Tölvur og tækni. Útikennsla.	Læsi. Heilbrigði og velferð.	Enn betri flokkun og endurnýting allra í samfélaginu.	Skólapúlsinn: Nemendur haust og vor. Starfsfólk mars. Könnun starfsfólks að vori, tveir + tveir.

Umbótaáætlun skólaárið 2019 - 2020

I hluti – Starfshættir og stjórnun

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Skólasýn og stefna	Skólaárið	Að gera skólastefnuna sýnilegri í skólanum.	Að gera hin fjögur gildi skólastefnunnar sýnilegri öllum í skólasamfélaginu. Útbúa mynd/ sjónræna útgáfu.	Stjórnendur og kennari í hönnun og smíði	Vor 2020	Hengt upp á vegg og birt á heimasíðu.	Ekki náðist að klára þessa vinnu og færist þetta markmið yfir á næsta skólaár.
Skólareglur	Skólaárið	Endurskoðun skólareglna.	Símaregla skoðuð með tilliti til málþings um snjalltæki sem haldin er að hausti.	Stjórnendur.	Vor 2020	Skólareglur samþykktar að nýju eftir endurskoðun.	Unnið hefur verið með skólareglur með nemendaráði og á málþingi í haust en þeim var ekki breytt.
Skólareglur	Skólaárið	Gera skólareglur sýnilegri.	Hafa skólareglur á heimasíðu skólans og á göngum.	Stjórnendur.	Vor 2020	Birtar á heimasíðu og á göngum.	Eftir er að vinna þennan lið og færist hann yfir á næsta skólaár.
Skjalastefna	Skólaárið	Skjalastefna gerð fyrir skólann.	Farið í gegnum skjalageymslu og grisjað. Farið með skjöl í Héraðskjalasafn. Skjalastefna mynduð og grisjun í áföngum.	Skólastjórnendur, ritari og persónuverndarfultrúi.	Vor 2020.	Skjalastefna tilbúin og verkáætlun yfir tiltekt í skjalasafni.	Þar sem verkefnalisti vorannar breyttist mikið þarf að fresta þessum lið.

II hluti – Nám og liðan nemenda

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Skólapúlsinn Nemendur	Skólaárið	Þrautseigja í námi.	Markmið í kennarahópnum að vinna markvisst með þrautseigju í námi nemenda. Unnið í anda Growth mindset.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2020	Könnun Skólapúlsins í okt. og apríl.	Í niðurstöðum Skólapúlsins kemur fram að nemendur í 6. – 10. bekk hafa meiri trú á sér sem námsmenn en áður. (sjá niðurstöður aftur í skýrslu)
Starfsfólk	Skólaárið	Samvinna	Rýna í niðurstöður Skólapúlsins um samvinnu. Koma samvinnu þvert á námsgreinar og samráð	Stjórnendur	Vor 2020	Könnun í maí.	Það reyndi mikið á samvinnu í covid19 – ástandinu. Það varð til að þetta samstarfshópin.

			um nám nemenda betur inn í skipulag.				
Nemenda-Samtöl	Haust 2019	Að gefa rödd nemenda aukið vægi.	Skólastjórnendur eiga einstaklingssamtal við nemendur í 10. bekk. Haldið áfram frá síðasta ári.	Stjórnendur	Haust 2019	Nemendakönnun.	Haldið áfram á næsta ári.
Rafrænt nám nemenda	Vor 2020	Að fylgjst með áhrifun tæknivæðingar á nám nemenda.	Að leggja kannanir fyrir nemendur um áhrif aukinnar tækni og tölva á áhuga þeirra á námi og skóla.	Stjórnendur og kennarar	Vor 2020	Nemendakönnun.	Þessi liður var ekki skoðaður sérstaklega en stórt stökk var tekið í tæknimálum í vetur. Á covid19 tímabilinu var tækni mikið nýtt.
Tölvur og tækni í kennslu	Vor 2020	Að fylgjst með áhrifun tæknivæðingar á störf kennara.	Að leggja kannanir fyrir kennara um áhrif aukinnar tæknig og tölva á kennsluna.	Stjórnendur.	Vor 2020	Könnun meðal kennara.	Ekki náðist að vinna þessa könnun og flyst þessi liður yfir á næsta skólaár.
Agi og vellíðan	skólaárið	Að kennarar tileinki sér ákveðnar aðferðir/ hugmyndafræði sem stuðlar að bættri vellíðan og góðum bekkjaranda.	Jákvæður agi er agastefna skólans sem allir kennarar þurfa að tileinka sér. Mælt er með hugmyndafræði og æfingum Hugarfrelsis og Growth mindset (Hugarfar vaxtar).	Stjórnendur	Vor 2020	Fylgt eftir með námskeiðum og á fundum.	Það náðist að fylgja þessu markmiði. Í covid19 tíma nýttust þessar aðferðir sérlega vel. Nemendur kalla eftir æfingum Hugarfrelsis og Jákvæðs aga.
Næring og heilsa	Haust 2019	Að boðið verði upp á meira en ávexti í morgunhressingu.	Nemendum á unglingastigi gefist kostur á því að fá hafragraut í morgunhressingu með ávöxtum. Fá hugmyndir af einhverju fyrir yngri börnin t.d. ostbíta.	Stjórnendur og skólaliðar	Haust 2019	Metið með nemendakönnunum	Hafragrautur var í boði á unglingastigi alla daga og á miðstigi á föstudögum. Mikil ánægja sem koma fram í nemendakönnunum. Hollusta mælist betri en áður í Skólapúlsum.
Hreyfing	Haust 2019	Að nemendum gefist kostur á aukinni hreyfingu á skólatíma.	Aukið við hreyfistöðvar. Klifurveggur settur fyrir yngri krakka inn í hjarta, risaspil límd í gólf, spor á gólf til að hoppa eftir.	Stjórnendur og teymi um heilsuefingu	Haust 2019	Skýrsla send til Lýðheilsustofnunar, styrkur fenginn.	Þessi liður gekk eftir. Fleiri hreyfistöðvar í boði og aukin hreyfing í skólanum öllum.
Vellíðan nemenda	Haust 2019	Að nemendur hafi kost á því að læsa síma og önnur verðmæti inni í skápum.	Keyptir skápar fyrir unglingastig sem geta geymt síma og ípada. Nemendaráð skipuleggi símalausar frímínútur.	Stjórnendur og kennarar UST.	Haust 2019	Unnið í því að minnka áreiti síma á nemendur UST.	Ákveðið var að kaupa ekki skápa þar sem nemendur sáu ekki fyrir sér að þeir yrðu notaðir. Símalaus svæði voru skipulögð og símalausar vikur í samvinnu við nemendaráð.

							Haldið verður áfram með þessa vinnu næsta skólaár.
--	--	--	--	--	--	--	--

III hluti – Foreldrasamstarf

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Málþing um snjalltæki	Haust 2019	Að halda málþing um snjalltæki og tölvunotkun.	Að skipuleggja í samráði við foreldrafélagið málþing um snjalltæki.	Stjórnendur, stjórn foreldrafélag sins og nemendaráð.	Haust 2019	Á matsfundum.	Málþing var haldið í september hjá nemendum í 4.-10. bekk. Fjórum málefnum var velt upp varðandi tækni: svefn og næringu, skjátíma, líkamsstöðu og aðgengi að interneti. 1.-4. bekkur hélt annað málþing sem fjallaði um skólann og skólaumhverfi.
Kynning og námskeið um tölvur og tækni.	Skólaárið	Að foreldrar fræðist um forrit og öpp sem nýtist nemendum t.d. þeim sem hafa lestrarörðugleika. Að foreldrar geti fylgst með tæknivæðingu skólans.	Halda námskeið og kynningar fyrir foreldra um tölvur, tækni o.fl. Nýta menntabúðarformið til að halda kynningarnar. Kynna snjallvefjuna fyrir foreldrum.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2020	Í gegnum kannanir.	Ekki náðist að vinna þennan lið en búið er að skipa fagteymi í þessa vinnu fyrir næsta skólaár.

IV hluti – Skólaþróun

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald.
Útiskóli	Skólaárið	Að efla útíkennsluna enn frekar og festa í sessi.	Framkvæmdaáætlun fyrir næstu ár. Styrkja útíkennslu á vorönn með námskeiðum og fá sérfræðinga í heimsókn. Festa ákveðin verkefni/ábyrgð á bekki.	Skólastjórn-endur og fagteymi.	Vor 2020	Könnun að vori.	Útíkennsla og útiskóli hefur gengið mjög vel og verið virkur. Framkvæmdaáætlun ekki tilbúin en unnin verður áfram næsta skólaár.
Tækni og tölvur	Skólaárið	Kennarar og starfsfólk lærir að nýta tæknina til góðs í skólastarfi.	Kennarar kenna kennurum. Einn fundur á mánuði notaðar í menntabúðir innan skólans.	Fagteymi í upplýsinga og tæknimennt.	Vor 2020	Könnun meðal kennara hvernig til tókst.	Þessi liður gekk eftir í vetur fyrir utan covid19 tímabil. Fagteymi í upplýsinga- og tæknimennt heldur áfram á næsta ári.
Læsisstefna	Skólaárið	Skólinn tekur þátt í þjóðaátaki um læsi. Stefnan að bæta árangur nemenda í lestri.	Læsisstefna er tilbúin og unnið eftir henni skólaárið 2019 - 2020	Skólastjórn-endur og kennarar.	Vor 2020	SVÓT – greining meðal kennara.	Læsisstefna tilbúin. Ekki tókst að leggja SVÓT greiningu fyrir.
Heilsueflandi grunnskóli	Skólaárið	Að auka vitund skólasamfélagsins um mikilvægi heilsutengds lífstíls og tileinka sér hann.	Áherslupættir ákveðnir að hausti. Fulltrúi heilsueflandi grunnskóla verður með kynningu að hausti og fundar með stýrihópnum.	Stýrihópur, fagteymi og stjórnendur.	Vor 2020	Mat að vori.	Áherslupáttur í vetur var næring og hollusta. Í nemendakönnun Skólapúlsins kemur fram að nemendur virðast nú borðar hollari mat. Hafrautur í boði fyrir unglingana alla daga og miðstig á föstudögum.
Heilsuefling	skólaárið	Að kennarar noti með nemndum aðferðir til að ná ró á huga og líkama með það að markmiði að auka einbeitingu. Aðferðirnar eru notaðar til að ná betri bekkjarstjórn og vinna að bættri vellíðan nemenda.	Allt starfsfólk sótti námskeið í hugarfrelsi á síðasta skólaári. Námskeið um jákvæðan aga fyrir nýtt starfsfólk og 2-3 starfsmenn sækja helgarnámskeið að vori. Kennarar tileinka sér growth mindset (eflingu hugans).	Skólastjórn-endur og kennarar	Vor 2020	Skólapúlsinn og aðrar kannanir.	Markvisst hefur verið unnið með Hugarfrelsi í öllum skólanum, bæði með nemendum og starfsfólki. Aðferðirnar farnar að festast í sessi í skólasamfélaginu.

V hluti – Grunnþættir menntunar

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða/ framhald
Sköpun	Skólaárið	Að skapandi kennsluhættir verði hluti af allri kennslu.	Fá kynningu á skapandi kennsluháttum inn á kennarafund. Teymi vinna með hvernig þeir geti komið skapandi kennsluháttum betur inn í starfið.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2020	Á matsfundum að vori.	Að hausti kom Ingvi Hrannar Ómarsson og hélt námskeið í skapandi kennsluháttum fyrir kennara. Það skilaði sér inn í starfið. Unnið með sköpun á margvíslegan hátt í vetur.
Jafnrétti og nemendalýðræði	Skólaárið	Að vinna að jafnrétti í skólastarfinu og kenna jafnréttishugsun.	Halldið verður málþing í haust um snjalltæki. Nemendur virkir á því málþingi. Jafnréttisáætlun endurskoðuð. Kynjagleraugu sett upp og starfið skoðað í því ljósi. Hafa nemendaráð með í skipulagi og ákvörðunartökum.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2020	Skólapúlsinn, kannanir nemenda og starfsfólks.	Málþingið gekk vel. Elstu nemendur stýrðu, voru málstjórar og ritarar. Nemendur 4. bekkjar voru með eldri nemenum en stýrðu síðan málþingi á yngsta stigi. Lýðræðisleg vinnubrögð. Nemendaráð var virkt í vetur.
Jafnréttisáætlun	Skólaárið	Unnið eftir jafnréttisáætlun.	Jafnréttisnefnd skólans endurskoðar jafnréttisáætlun skólans. Farið yfir á fundum nokkrum sinnum yfir skólaárið.	Nefnd og stjórnendur.	Vor 2020	Jafnréttisáætlun á heimasíðu.	Jafnréttisáætlun gerð og sett á heimasíðu. Yfirfarin á næsta skólaári.

VI hluti – Umhverfismál – sjálfbærni


	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	
Pappír, plöstun, ljósritun	Skólaárið	Að draga sem mest úr plöstun. Að minnka enn frekar pappírshotkun.	Ljósrita frekar á stífan pappa en að plasta. Draga sem mest úr ljósritun og prentun.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2020	Á matsfundum að vori.	Heilmikið hefur verið dregið úr prentun og ljósritun.
Endurvinna	Skólaárið	Að nýta efni sem til fellur og endurnýta.	Reyna að vinna sem mest með endurunnið efni eða náttúrulegt sem mengar ekki.	Allt starfsfólk	Vor 2020	Á matsfundi að vori.	Á þemadögum og fyrir jól var nær eingöngu fönðrað úr endurunnu efni.

Umhverfið	Skólaárið	Huga að umhverfi skólans og umgengni almennt.	Hugsa um hvað við getum gert. Erum áhrifavaldar og það skilar sér inn á heimili nemenda og til alls samfélagsins.	Allt starfsfólk.	Vor 2020	Á matsfundi að vori.	Hugað að á kennarafundum. Haldið áfram á næsta skólaári.
Útikennslu- svæðið Aldisarlundur	Skólaárið	Bæta útikennslu- svæði skólans. Fá geymslu í Aldisarlundur.	Fá geymslu fyrir eldunaráhöld o.fl. á útikennslusvæðið. Vinna að stígum o.fl.	Stjórnendur og teymi.	Vor 2020	Á matsfundi að vori.	Komið á framkvæmdaáætlun. Verður klárað haust 2020.

Niðurstöður skólapúlsins vor 2020


Nemendur í 6. – 10. bekk voru spurðir spurningar varðandi trú á eigin námsgetu og um þrautseigju í námi. Könnunin var lögð fyrir í október 2019 og í apríl 2020. Niðurstöður:

1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi – Innan skólaárs



1.6. Trú á eigin námsgetu – Kyn




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.6. Trú á eigin námsgetu – Árgangamunur




Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.6. Trú á eigin námsgetu – Ársmeðaltöl




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

1.6. Trú á eigin námsgetu – Innan skólaárs




1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi – Kyn




Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi – Árgangamunur



Þessi mynd sýnir árgangamun meðal svarenda í skólanum samanborið við viðmiðunarhópinn. Niðurstöður fyrir hvern árgang eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.

1.2. Þrautseigja í námi – Ársmeðaltöl



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

1.2. Þrautseigja í námi – Innan skólaárs

